

greiðanda hér á landi, er að finna í 1. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 um tekju- og eignarskatt, sbr. reglugerð nr. 133 28. desember 1936, 2. gr. 4. lið. Var upphaflega kveðið svo á í lögum þessum og reglugerð, að sá, sem dveldi hér á landi 6 mánuði skattársins eða lengur, skyldi talinn heimilisfastur hér og skattskyldur. Nú hefur þetta ákvæði verið afnumið með lögum nr. 32 12. júní 1939 1. gr., til þess að samræma skattalög okkar samsvarandi lögum annarra Norðurlandabjóða, vegna milliríkjasamninga um tvísköttun o. fl., en við þetta veitist skattanefndum meira svigrúm í mati þeirra á heimilisfestu. Virðist heimild þeirra nú ná til þess að telja mann skattskyldan hér, sem dvelur aðeins lítinn hluta skattársins hér á landi, t. d. ef ástæða er til að halda, að hann mundi dvelja hér framvegis. Verður þá að álykta, að sá, sem dvelur hér allt skattárið, sé tvímælaust skattskyldur hér á landi samkvæmt hinum tilvitnuðu lögum og reglugerð.

Þar sem það er nú viðurkennt, að gerðarþoli hafi dvalið hér á landi allt árið 1942, verður hann að teljast skattskyldur hér árið 1943 af öllum tekjum sínum, og það enda þótt dvöl hans hér á landi sé svo háttáð, sem fyrr var nefnt. Og þar sem hinni álögðu upphæð hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, verður að leyfa framgang lögtaksins fyrir allri kröfunni. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

**Því úrskurðast:**

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 20. marz 1944.

Nr. 56/1943. **Lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Hermann Jónasson cand. jur.)

gegn

**Páli Guðjónssyni og gagnsök**

(Kristján Guðlaugsson).

**Krafa um bætur fyrir brottvikningu úr opinberu starfi.**

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. maí 1943. Krefjast þeir sýknu af kröfum

gagnáfrýjanda í máli þessu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 9. okt. 1943 áfrýjað málinu með stefnu 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að honum verði dæmdar bætur in solidum úr bæjarsjóði og rikissjóði, kr. 20000.00, til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og til þrautavara að bætur verði ákveðnar kr. 1871.21. Svo krefst hann og 5% ársvaxta af fjárhæð þeirri, sem dæmd yrði, frá 11. des. 1941 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi synjaði þess eitt sinn sumarið 1941 að rækja varðstarf, er yfirboðari hans fól honum, og hefur gagnáfrýjandi ekki réttlætt þá synjun. Þá verður og að telja, að gagnáfrýjandi, sem áður var sæmileg skytta, hafi á þremur skotæfingum lögreglumanna sumarið og haustið 1941 haft undanbrögð í frammi, enda hefur hann lýst því, að honum væri þessar æfingar ógeðfelldar. Svo hefur hann neitað að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð á áhöldum þeim, er honum voru afhent, og meðferð þeirra. Loks hefur hann og haft forgöngu um að semja og koma öðrum lögreglumönnum til að undirrita með sér yfirlýsingu, sem var að orðalagi ekki viðurkvæmileg í garð lögreglustjóra. Öll þessi atriði samans þykja bera þess vott, að gagnáfrýjandi hafi ekki verið fallinn til lögreglumannsstarfa. Verða honum því ekki dæmdar bætur vegna vikningar hans úr starfanum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir báðum dómum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, lögreglustjórinn í Reykjavík, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Páls Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. marz 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. des. 1941 af Páli Guðjónssyni, fyrrum lögregluþjóni Laugarnesvegi 77 hér í bæ, gegn lögreglustjóranum í Reykjavík, Agnari Kofoed-Hansen, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs. Hefur stefnandi breytt hinum upphaflegu stefnukröfum sínum á þá lund, að nú krefst hann 20 þús. kr. skaðabóta úr hendi bæjarsjóðs Reykjavíkur og rikissjóðs, ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 11. des. 1941 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndir krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að nokkur undanfarin ár hefur stefnandi gegnt lögregluþjónsstörfum hér í Reykjavík, fyrst sem aukamaður, síðan sem settur lögregluþjónn frá 1. júlí 1937 og loks var hann skipaður í starfið hinn 1. nóv. 1938. Með bréfi, dags. 24. nóv. 1941, sagði hinn stefndi lögreglustjóri stefnanda upp starfi þessu frá sama degi að telja, og voru þær ástæður tilfærðar fyrir uppsögninni, að stefnandi hefði gerzt sekur um „ítrekaða óhlýðni og þrjúzku“ í starfinu. Telur stefnandi, að þessar sakargiftir hafi eigi við rök að styðjast, og beri sér því skaðabætur vegna þessarar fyrirvaralausú uppsagnar. Hefur hann því höfðað mál þetta gegn stefndu og gert í því framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggja stefndir á því, að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi sínu, að tvímælalaust hafi verið heimild til að segja honum upp starfinu, eins og gert var, enda hafi hinn stefndi lögreglustjóri og haldið sér innan embættistakmarka sinna, er hann vék stefnanda frá starfi. Ávirðingar þær, sem stefndir telja að stefnandi hafi gerzt sekur um, eru þessar:

1. Stefnandi hafi neitað að taka að sér aukavakt í maí 1941, eins og honum hafi þó borið skylda til að gera sem starfandi lögregluþjóni.
2. Stefnandi hafi brotið gegn settum reglum um einkenni lögregluþjóna.
3. Stefnandi hafi óhlýðnast skipunum yfirboðara sinna um þáttöku í fyrirskipuðum skotæfingum innan lögreglunnar.
4. Stefnandi hafi neitað að útfylla fyrirskipaðan áhaldalista.
5. Stefnandi hafi verið með áróður innan lögreglunnar gegn lögreglustjóra.

Verða þessar sakargiftir nú teknar til athugunar.

Um 1. Pálmi Jónsson varðstjóri skýrir svo frá, að eitt sinn í maí-mánuði 1941 hafi hann kvatt stefnanda á aukavakt kl. 20—22 að kvöldi. Hafi hann neitað þessu á þeim forsendum, að annar lögregluþjónn, Axel Helgason, ætti að gegna þessu starfi. Kveðst varð-

stjórinn hafa tjáð stefnanda, að Axel væri bundinn við störf í þágu loftvarnarnefndar og gæti hann því eigi farið á vörð. Stefnandi hafi eigi að síður haldið fast við neitun sína, og kveðst varðstjórinn þá, í samráði við yfirlögregluþjóninn, hafa gert stefnanda þau víti að kveðja hann ekki á aðrar aukavaktir fyrr en hann hefði staðið slíkan vörð sem að framan greinir. Virðist stefnandi ekki síðan hafa verið kvaddur til slíkra starfa.

Stefnandi viðurkennir að hafa færzt undan að fara á vörð í þetta skipti, þar sem hann hafi talið, að Axel Helgason ætti venju samkvæmt að gera það sjálfur eða útvega mann í sinn stað, ef hann væri forfallaður. Auk þess kveðst stefnandi hafa haft þau forföll, að fóstursystir konu sinnar hafi andazt þennan dag, og hafi hann verið önnum kafinn í því sambandi. Hann kveðst þó ekki hafa sagt varðstjóranum frá þessum forföllum, fyrr en daginn eftir, en hvorki þá né síðar hafi hann fengið aðfinnslur út af þessu frá yfirboðurum sínum.

Því er ómótmælt, að samkvæmt þeim venjum, er gildi um framangreind störf hjá lögreglunni, hafi nefndur Axel Helgason átt að fara á vörð í umrætt skipti, svo og að algengt sé, að þeir lögregluþjónar, sem forfalla vegna geti eigi gegnt slíku starfi, útvegi aðra í sinn stað. Með tilliti til þessa þykir þessi undanfærsla stefnanda ekki svo alvarlegt skyldubrot, að það hafi, eins og á stóð, réttlætt fyrirvaralaus brottvikningu úr starfi, enda er og ósannað, gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi fengið áminningu af þessum sökum eða að honum hafi verið kunnugt um þau víti, sem varðstjórinn kveðst hafa gert honum vegna þessa atburðar, er gerðist í maí 1941.

*Um 2.* Svo virðist sem það hafi dregizt í nokkra daga í janúar 1941, að stefnandi tæki upp nýtt númer á fót sín, en með úrskurði lögreglustjóra hafði svo verið ákveðið, að stefnandi skyldi bera herra númer en hann hafði áður.

Stefnandi telur orsakir þess, að þetta hafi dregizt, þær, að klæðskerri sá, sem annazt hafi númera-breytinguna, hafi verið svo önnum kafinn, að eigi hafi verið unnt að láta gera þetta fyrr en gert var, en viðurkennt er, að stefnandi kom þessu í lag strax og þáverandi varðstjóri hans nefndi þetta við hann.

Hér virðist vera um svo smávægilegt atriði að ræða, að það réttlæti eigi brottvikningu, enda er og ósannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi hlotið nokkra aðvörun vegna atviks þessa, sem skeði í janúar 1941.

*Um 3.* Stefnandi tók þátt í skotæfingum lögreglunnar frá því að hann hóf starf sitt þar og virðist hann að jafnaði hafa náð svipuðum árangri og aðrir í skotfimi. Á skotæfingum þann 24. og 27. júlí og 3. okt. 1941 kom það hins vegar fyrir, að stefnandi hitti aldrei skotskifuna, og er því haldið fram af hálfu stefndu, að

stefnandi hafi gert þetta viljandi, og sé þetta allt dæmi um þá þrjúzku og óhlýðni, sem hann hafi sýnt í starfinu. Hinn stefndi lögreglustjóri kveðst hafa fundið að þessu við stefnanda, en hann hafi engar frambærilegar skýringar gefið á þessari breytingu, og jafnvel haft hótanir í frammi.

Stefnandi mótmælir því hins vegar eindregið, að um nokkra ásetningssynd hafi verið að ræða að þessu leyti: hann hafi aðeins verið illa fyrir kallaður í þessi skipti, og því hafi farið sem fór. Hann neitar því og, að lögreglustjórinn hafi áminnt sig út af þessu, heldur hafi þeir aðeins átt vinsamlegt samtal um æfingarnar, sem stefnandi kveðst hafa óskað eftir að losna við, eins og sumir aðrir lögregluþjónar hafi fengið, þar sem þessar skotæfingar hafi verið sér ógeðfelldar. Stefnandi mótmælir því enn fremur eindregið að hafa viðhaft nokkrar hótanir í garð lögreglustjóra.

Gegn þessum mótmælum stefnanda getur það ekki talizt nægilega sannað, að um ásetningsverk hafi verið að ræða hjá honum að þessu leyti, en stefnandi kom ávallt á skotæfingar, er hann var þangað kvaddur, og fylgdi gefnum fyrirskipunum þar. Að þessu athuguðu, svo og með tilliti til þess, að eigi hafa verið færðar sönnur á aðrar hinna framangreindu ásakana lögreglustjórans, þykir þessi brottvikningarástæða heldur ekki hafa við næg rök að styðjast.

Um 4. Í október 1941 var lagður fyrir stefnanda, eins og aðra lögregluþjóna, listi, sem lögreglustjóri hafði látið gera, þar sem lögregluþjónninn viðurkenndi móttöku tiltekinna áhaldna til notkunar í starfinu og skuldbatt sig jafnframt til að gæta munanna vandlega, þannig að þeir hvorki glötuðust né skemmdust af hans völdum, svo og til að tilkynna yfirlögregluþjóninum, ef hlutirnir glötuðust eða skemmdust, enda bæri lögregluþjóninum og að bæta þá hluti, sem færust þannig eða skemmdust af hans völdum. — Stefnandi vildi eigi undirrita yfirlýsingu þessa fyrirvaralaust, þar sem hann taldi orðalag skuldbindingarinnar um greiðslu bóta of viðtækt.

Hér virðist að visu vera um að ræða undanfærslu af hálfu stefnanda, sem ekki er nægjanlega réttlætt, en ekki þykir þetta atriði þó vera þess eðlis, að það hafi skapað rétt til fyrirvaralauss brottreksturs.

Um 5. Í byrjun október 1941 birtist í blöðum bæjarins skýrsla frá brezku herstjórninni, þar sem því var haldið fram, að tilteknar skýrslur, sem taldar voru komnar frá lögreglunni hér í bæ, væru ósannar og tölur þar m. a. fengnar með því að telja auðar síður í skýrslunum og tvítelja sum nöfn. Um svipað leyti ritaði þáverandi forsætisráðherra og grein í blað eitt hér í bænum, þar sem m. a. var talið, að lögreglan hefði áður verið óreglusöm í meðferð áfengra drykkja, en núverandi lögreglustjóri hefði upprætt það ástand. —

Ýmsir lögregluþjónanna kunnu þessum ásökunum illa, en höfðust ekki að til að byrja með, enda höfðu þeir frétt, að lögreglustjóri væri að semja svar við greinunum. Þegar svargrein lögreglustjóra birtist, töldu lögregluþjónarnir, að framangreindum atriðum væri eigi gerð þar fullnægjandi skil, og þá var það, að stefnandi ásamt nokkrum fleiri lögregluþjónum hófst handa um söfnun undirskrifta lögregluþjóna undir yfirlýsingu, þar sem því var lýst yfir, að máli út af drykkjuskaparóreglu lögregluþjóna hefðu verið algerlega afgreidd áður en nú núverandi lögreglustjóri tók við embætti, en hinum þungu ásökunum brezku herstjórnarinnar mundi lögreglustjóri svara sjálfur, ef hann vildi halda uppi heiðri sínum og lögreglunnar. Flestir lögregluþjónanna (eða 57) rituðu síðan nöfn sín undir yfirlýsingu þessa.

Þá staðhæfingu sína, að stefnandi hafi verið með áróður í sinn garð, byggir lögreglustjórinn á því, að stefnandi hafi haft forgöngu um samningu þessa skjals og söfnun undirskrifta undir það og hafi ætlun hans verið að birt það í blöðum, án þess að lögreglustjóra yrði gefinn kostur á að þekkja efni þess.

Það er fyrst og fremst ósannað gegn mótmælum stefnanda, að hann hafi haft forgöngu í þessu efni, og fram hefur komið, að það var með hans samþykki, að lögreglustjóri fékk skjalið til athugunar, enda telur stefnandi, að tilætlunin hafi ávallt verið sú að koma mótmælunum á framfæri við lögreglustjóra, en hirta þau í blöðunum, ef þörf gerðist. Stefnandi hefur og haldið því fram, án þess að því hafi verið mótmælt, að lögreglustjóri hafi í fyrstu eftir yfirlestur skjalsins haft beztu orð um að hnekkja ummælum herstjórnarinnar en sér þætti betra, ef svarið mætti dragast litið eitt. Þegar rúmur mánuður hafi liðið og engin leiðrétting birzt, kveðst stefnandi hafa farið á fund lögreglustjóra, ásamt öðrum lögregluþjóni. Hafi þeir ítrekað fyrri óskir, en þá hafi lögreglustjóri harðneitað að svara nefndum ásökunum og talið óskir lögregluþjónanna tilefnislausar með öllu.

Að þessu öllu athuguðu þykir ekki verða litið svo á, að stefnandi hafi með afskiptum sínum af þessum málum hagað sér þannig, að það réttlæti hina fyrirvaralaus brottvikningu hans úr starfi, enda virðist hann og hinir aðrir lögregluþjónar aðeins hafa viljað koma því til leiðar, að ásökunum í garð lögreglunnar væri ekki óhnekt.

Það verður því ekki talið, að framangreindar sakargiftir á hendur stefnanda hafi verið þess eðlis, að réttlætt hafi fyrirvaralaus brottvikningu hans úr starfi. Með skirskotun til framanritaðs þykir þó ljóst, að framkoma stefnanda, sem að öðru leyti mun hafa reynzt reglusamur í starfinu, hafi í tilteknum atriðum verið slík, að eigi sé sem ákjósanlegust, þegar um lögregluþjón er að ræða. Með tilliti til þess þykir því stefnandi hafa átt þann þátt í því, að starfi hans sem lögreglumanns lauk fyrir en almennt má gera ráð fyrir, að

ákveða beri bæturnar til hans vegna brottvikningarinnar með hliðsjón af þessu.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Andvirði fatnaðar, er stefnanda bar, en fékk eigi á árinu 1941 .....	kr.	543.90
Laun í 6 mánuði .....	—	6807.00
Greiðslur í Eftirlaunasjóð Reykjavíkur vegna starfa stefnanda .....	—	1327.31
Aðrar bætur .....	—	11321.79

Stefnandi þykir eiga tilkall til þeirra greiðslna vaxtalausra, sem runnið hafa í Eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar vegna starfa hans sem lögregluþjóns, þar sem þær greiðslur verður að telja hlunnindi, er starfanum fylgdu (sbr. löggjöfnun frá 4. mgr. 4. gr. laga nr. 51 1921). Með tilliti til þess, er segir um athafnir stefnanda, svo og annarra málsatvika, þykja bætur til hans vegna brottvikningarinnar að öðru leyti hæfilega ákveðnar kr. 7500.00, og verður ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur gert að greiða stefnanda þá fjárhæð, með vöxtum eins og krafizt hefur verið. Hvor þessara stefndu greiði stefnanda og kr. 400.00 í málskostnað (sbr. 3. málsgr. 181. gr. einkamálaganna).

Fulltrúi lögmanns Árni Tryggvason hefur kveðið upp dóm þenna.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnandanum, Páli Guðjónssyni, kr. 1327.31, vaxtalaust. Stefndur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs greiði stefnandanum kr. 7500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. des. 1941 til greiðsludags.

Hvor þessara stefndu greiði og stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.